

Fundur í skólaráði 25. maí 2022

Mættir: Kristín Ólafsdóttir, Birgitta Rós Björnsdóttir og S. Olga Veturliðadóttir. Aðrir boðuðu forföll, veikindi og leyfi.

1. Skipulag næsta vetrar. Ekki verður mikið um tilfæringar á nemendahópum og verður unglíngastigið á sama stað sem og yngsta stigið. Aðeins breytingar á miðstiginu og hversu miklar þær verða fer eftir framkvæmdum á efri hæð gula hússins. Búið er að ráða inn sérkennara í 60-70% starfs, umsjónarkennara á miðstig sem og tómsunda- og félagsmálafræðing (með viðbótardiplómu í fötlunarfræðum) í tímabundið starf þroskaþjálfara. Auglýst hefur verið tvisvar sinnum eftir kennurum og þar sem ekki náðist að ráða í allar stöður kennara með leyfisbréf hefur verið gengið frá ráðningum þeirra leiðbeinenda sem fyrir eru. Það þarf að auglýsa nokkrar stöður stuðningsfulltrúa seinna í sumar.
2. Húsnæðismál og framkvæmdir. Framkvæmdir vegna myglu á efri hæð gula hússins eru hafnar og vonandi lýkur þeim fyrir skólabyrjun næsta skólaárs. Það er ekki enn víst með aðrar framkvæmdir.

Ritari: Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri